

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

*Fossar í landi Skíðbakka, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 11. janúar 2024 tillögu að deiliskipulagi að Skíðbakka, L163894. Deiliskipulagið nær til 1,85 ha svæðis sem gerir ráð fyrir þremur lóðum fyrir íbúðarhús, gestahús og bílskúr. Hámarksbyggingarmagn er 400 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall er 0,1. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið hefur þegar öðlast gildi.

*Hvolsvelli, 16. janúar 2024.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Þóra Björg Ragnarsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 31. janúar 2024